



Til skipulagsráðs

Kópavogi, 31. ágúst 2022
2208209/510.00 BÓK

Efni: Miðbær, úrskurður Úrskurðarnefndar. Fyrspurn bæjarfulltrúa Hákonar Gunnarssonar

Á fundi skipulagsráðs dags. 15. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar dags. 8. ágúst 2022 varðandi úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um miðbæ Kópavogs. Erindinu var frestað og vísað til umsagnar umhverfissviðs.

Kópavogsbær ásamt framkvæmdaaðila mun halda fund með hagsmunaaðilum um leið og uppfærð framkvæmdaáætlun liggur fyrir þar sem áfangaskipting kemur fram. Eins og fram kemur í samkomulagi við framkvæmdaaðila varðandi uppbyggingu í Fannborg 2-6 skal framkvæmdaaðili leggja endanlegar hönnunartillögur fyrir skipulagsráð hverju sinni. Framkvæmdaaðili skal gera úttekt á húsum og öðrum mannvirkjum í nágrenni framkvæmdasvæðis, og Kópavogsbær þarf að samþykkja úttektaraðilann. Framkvæmdaaðili hefur ekki tilgreint úttektaraðila og mögulegt tjón af framkvæmdum er á ábyrgð framkvæmdaaðila.

Tímaáætlun er háð samþykki frá Kópavogsbæ en uppfærð áætlun hefur ekki borist frá framkvæmdaaðila. Kópavogsbær hefur fundað með framkvæmdaaðila og óskað eftir uppfærðri áætlun og fengið þær upplýsingar um að verkhönnun sé ekki hafin.

Framkvæmdaaðili skal jafnframt tryggja aðgengi á framkvæmdatíma og Kópavogsbær mun hvorki gefa heimild til niðurrifs né byggingarleyfi nema það sé tryggt og samkomulag sé uppfyllt.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs